



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

*Verndaráætlun fyrir
minjasvæðið á
Laugarnestanga*

Ágúst 2016



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

**STAÐFESTING Á VERNDARÁÆTLUN FYRIR
MINJASVÆÐIÐ Á LAUGARNESTANGA**

Verndaráætlun þessa staðfesta með undirritun sinni
forstöðumaður Minjastofnunar Íslands fyrir hönd
ábyrgðaraðila minjasvæðisins og borgarstjóri
Reykjavíkurborgar fyrir hönd landeiganda.

Reykjavík, 25. ágúst 2016

Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður
f.h. Minjastofnunar Íslands

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
f.h. Reykjavíkurborgar

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	5
2.	Um Laugarnes	6
2.1	Saga Laugarness	6
2.2	Fornminjar.....	6
2.3	Náttúra.....	7
2.4	Sérstaða svæðisins.....	8
3.	Stjórnsýsla og skipulag.....	9
3.1	Lagarammi.....	9
3.2	Stjórnsýsla.....	9
3.3	Skipulag og landnýting.....	10
4.	Verndarsvæði.....	12
5.	Framtíðarsýn og markmið	14
6.	Landnotkun, aðgengi og nýting.....	15
6.1	Ástand og aðgengi	15
6.2	Opinn aðgangur og almennar umgengnisreglur.....	15
6.3	Göngustígar	16
6.4	Skilti og upplýsingaefni.....	16
6.5	Ljósmyndun, kvikmyndataka og fleira.....	17
6.6	Frekari rannsóknir og framkvæmdir.....	17
7.	Viðhald, rekstur og eftirlit	18
8.	Aðgerðir	19
9.	Heimildir	20

1. Inngangur

Tilgangur verndaráætlunar fyrir minjasvæðið á Laugarnestanga er að tryggja verndun fornleifanna á sem bestan hátt og veita leiðsögn um samspil verndunar og nýtingar, skipulags og reksturs. Um vernd og stjórnsýslu fornleifa gilda lög um menningarminjar nr. 80/2012. Á minjasvæðinu á Laugarnestanga eru friðlýstar fornleifar auk aldursfriðaðra fornleifa og gilda strangari reglur um þær fyrrnefndu. Út frá ystu mörkum friðlýstra fornleifa er 100 m friðhelgað svæði, en 15 m út frá ystu mörkum aldursfriðaðra fornleifa. Allar framkvæmdir innan friðhelgaðs svæðis eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun ber ábyrgð á minjunum og skal ríkið bera kostnað af viðhaldi¹ friðlýstra fornleifa. Landeigandi skal hins vegar bera kostnað af viðhaldi umhverfis minjanna, hvort sem er friðaðra eða friðlýstra, sem og viðhaldi aldursfriðaðra minja. Friðlýstu minjarnar á Laugarnestanga eru bæjarhóll Laugarness og kirkjugarðurinn sunnan í honum (*Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*:11). Vesturhorn Laugarness er á C-hluta náttúruminjaskrár og gilda því um það svæði lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Verndaráætlun þessi skal endurskoðuð annað hvert ár.

Hér á eftir fer umfjöllun um ýmsa þætti er tengjast Laugarnesi og tilgangi og gerð verndaráætlunarinnar. Kaflar 2 og 3 undirbyggja skilgreiningu verndarsvæðisins og tilgang verndaráætlunarinnar. Er þar m.a. rakin saga Laugarness, gerð grein fyrir helstu minjum á svæðinu, náttúrufari og sérstöðu. Kaflar 4-7 snúa að verndarsvæðinu sjálfu, skilgreiningu þess, framtíðarsýn, umgengni, aðgengi, viðhaldi, eftirliti með svæðinu o.s.frv.

¹ Viðhald fornleifa felst í viðgerðum vegna skemmda eða mótvægisáðgerðum vegna yfirvofandi hættu. Viðhald umhverfis felst í slætti á og í kringum minjarnar eftir aðstæðum sem og annars konar viðhaldsaðgerðum á umhverfi þeirra sem er a.m.k. 15 m út fyrir ystu mörk friðaðra fornleifa og 100 m út fyrir ystu mörk friðlýstra fornleifa. Í mörgum tilfellum nær „umhverfi minjanna“ langt út fyrir þennan metraffjölda og á i raun við allt umhverfi minjanna sem hefur áhrif á ásýnd þeirra, skynjun og samhengi í landslaginu.

2. Um Laugarnes

2.1 Saga Laugarness

Jörðin Laugarnes var eitt þriggja stórbýla á Seltjarnarnesi og er hennar fyrst getið í Njáls sögu. Laugarnes var kirkjustaður og er elsta heimild um kirkju þar máldagi frá árinu 1235 um „veiði í Elliða-ám, og dráttu af hendi Gufnesinga, Víkrmanna (Reykvíkinga) og Nesmanna“ (DI I:5011-512). Auk þessa fylgdu ýmsar hjáleigur jörðinni og eru fjórar slíkar taldar upp í *Jarðabók Árna og Páls* frá 1703: Norðurkot, Suðurkot, Barnhóll og ein ónefnd hjáleiga heima við bæ (*JÁP* 1982:271-273). Kirkjan var lögð niður þegar dómkirkjan í Reykjavík var vígð árið 1794. Laugarnes var í byggð fram á tuttugustu öld en torfbærinn í Laugarnesi var rifinn 1885 og nýtt íbúðarhús byggt. Embættisbústaður biskups var reistur í Laugarnesi árið 1824 en hann var rifinn þegar Holdsveikraspítali úr timbri var reistur í Laugarnesi árið 1898. Spítalinn stóð þar til ársins 1943 en þá brann hann til kaldra kola þremur árum eftir að breski herinn hafði tekið hann til sinna nota. Vestast á Laugarnestanganum var braggahverfið Laugarneskampur en þar hafði setuliðið aðstöðu á stríðsárunum. Seinna breyttist Laugarneskampur í íbúðabyggð sem var fjölmennust á árunum 1951-1957 en síðasti bragginn var rifinn um 1980 (Eggert Þór Bernharðsson 2000:155). Gamla Laugarnesjörðin er nú að mestu albyggð en á sjálfu Laugarnesi stendur Listasafn Sigurjóns Ólafssonar auk þriggja íbúðarhúsa þar sem braggahverfið stóð áður.

2.2 Fornminjar

Minjar á Laugarnestanga hafa verið skráðar tvisvar, fyrst árið 1993 af Bjarna F. Einarssyni og aftur árið 2003 af Önnu Lisu Guðmundsdóttur vegna mats á umhverfisáhrifum Sæbrautar. Báðar skráningarnar voru unnar á vegum Árbæjarsafns/Minjasafns Reykjavíkur (nú Borgarsögusafn). Alls voru 22 minjastaðir skráðir í seinni skráningunni. Flestar tengjast minjarnar búsetu á Laugarnesbænum auk hjáleiga og kirkju en einnig er að finna minjar tengdar tíð embættismannabústaðar og holdsveikraspítala á staðnum auk stríðsminja. Tvennar minjar, bæjarhóll Laugarnesbæjarins og kirkjugarður, eru friðlýstar og er Laugarnes einn af sjö stöðum í Reykjavík þar sem friðlýstar fornleifar er að finna.

Fáar rannsóknir hafa farið fram í Laugarnesi umfram skráningu fornleifa og söguritun. Hallgerðarleiði var á sínum tíma fjarlægt vegna gatnaframkvæmda, en þar var talið að Hallgerður langbrók væri grafin (Matthías Þórðarson 1921). Var þar ekki um raunverulegt leiði að ræða heldur líklega smiðju eða járnvinnslustað. Jarðsjármælingar voru gerðar á fornleifum á vegum Árbæjarsafns og Borgarskipulags árið 1993 og var þykkt jarðlaga áætluð og einstaka mannvirki í bæjarhól staðsett. Að auki fór fram fornleifarannsókn árið 2005 í tengslum við endurnýjun Sæbrautar þar sem nokkrir könnunarskurðir voru grafnir í kirkjugarðinn og nágrenni hans. Sást þar m.a. að kirkjugarðsveggurinn eins og hann er í dag liggur sunnar en eldri kirkjugarðsveggur sem komið var niður á í könnunarskurði (sjá Hildur Gestsdóttir 2005: 10-11). Töluvert jarðrask hefur verið í Laugarnesi síðastliðna öld, m.a. tengt hernáminu og mannvirkjagerð í tengslum við Laugarneskamp, byggingu íbúðarhúsa þar sem kampurinn stóð áður, lagningu skólpræsislagna árið 1999 og gatna- og lagnaframkvæmda við

bæjarhól Laugarness. Þá var Sæbrautin endurnýjuð árið 2005 en hún lá þá innan 20 metra friðunarmarka friðlýstra fornleifa (sem nú eru 100 m með nýjum lögum frá 2012). Því er ljóst að þrengt hefur verið mjög að minjum á svæðinu og hefur það haft mikil áhrif á menningarlandslagið sem þær eru hluti af. Nokkur hluti minja hefur nú þegar farið undir framkvæmdir og skipulagða byggð þannig að rof hefur orðið á milli minjasvæða innan menningarlandslagsins. Sem dæmi um það má nefna hjáleiguna Barnhól sem stendur nú ein og sér austan við Klettagarða, á horni Köllunarklettsvegar og Héðinsgötu. Nálægð við þunga umferðargötu rýrir upplifunargildi staðarins og að auki hafa þrengingar af völdum umferðar þau áhrif á minjastaði að titringur og mengun í jarðvegi getur haft áhrif á minjar í jörðu. Auk þess aukast líkur á skemmdum, þ.e. að meiri líkur eru á því að minjar staðsettar við umferðargötu verði fyrir tjóni t.d. af völdum bíla sem lenda utan vegar en minjar sem ekki eru aðþrengdar.

2.3 Náttúra

Laugarnestangi er á C-hluta náttúruminjaskrár. C-hluti náttúruminjaskrár er skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa. Forðast ber að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað. Lýsing á verndarsvæðinu er eftirfarandi: „(1) Mörk svæðisins eru að sunnan frá Kleppsvegi² á móts við Suðurkotsvör meðfram Kleppsvegi að Laugarnesvegi og þaðan meðfram húsum Tollvörugeymslunnar og Kletts í sjó. (2) Fjörur og strandbelti á vesturströnd Laugarness, sem að mestu er óröskuð strandlengja með sérkennilegum sjávarrofnum klettum. Vinsæll útivistar- og útsýnisstaður, ásamt menningarsögulegum minjum“ (*Umhverfisstofnun. Náttúruminjaskrá Suðvesturlands*). Í náttúruverndarlögum segir um svæði á C-hluta náttúruminjaskrár: „Sýna skal sérstaka aðgæslu gagnvart vistgerðum, vistkerfum og tegundum á C-hluta náttúruminjaskrár til að koma í veg fyrir að náttúruleg útbreiðslusvæði eða búsvæði minnki og verndarstaða þeirra versni“ (37. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013).

Náttúrufræðistofnun Íslands gerði náttúrufræðiskonun í Laugarnesi árið 1997. Í greinargerð um könnunina frá því í nóvember 1997 kom fram að áherslu ætti að leggja á að Laugarnesið fengi að halda náttúrufræðilegum einkennum eins og kostur er með því að vernda þann gróður sem villtur væri og að gróðurfar búsetulandslags tæki mið af þeim gróðri sem fylgdi búsetu manna á fyrri hluta aldarinnar. Könnun á gróðri árið 2009 leiddi í ljós að töluvert var af nýjum og ágengum gróðurtegundum á svæðinu. Er þessi gróður sérstaklega áberandi á svæðinu vestast á Laugarnesinu þar sem braggahverfið var áður (*Náttúrufar í Laugarnesi 1997*).

Alvarleg staða er á bæjarhól Laugarness en þar hefur spánarkerfill breitt úr sér yfir allnokkurt svæði og mun ekki líða á löngu þar til hann hefur dreift sér yfir í beðasléttunna vestur af bæjarhólum. Mikilvægt vopn í þeirri baráttu er sláttur þar sem kerfillinn dreifir sér að mestu með fræi sem hægt er að sporna við að þroskist með því að slá kerfillinn á réttum tíma. Spánarkerfillinn drepur undan sér annan gróður þannig að á vorin standa eftir opin svæði þar sem mold og leifar

² Lýsing svæðisins er gömul, nú ber Kleppsvegur heitið Sæbraut á þessu svæði.

kerfilsins frá fyrra ári blasa við, en nýjar plöntur vaxa ætíð upp á sumri hverju. Ekki er nægilegt að slá kerfilinn til þess að losna við hann heldur er slátturinn til þess gerður að halda honum niðri og stöðva frekari útbreiðslu. Til þess að það virki þarf að slá kerfilinn fyrir blómgun sem er í júní eða júlí. Eigi að uppræta kerfilinn, sem er æskilegast, þarf að tæta upp rætur hans og fylgjast með uppkomu nýrra plantna árin á eftir þar sem hann fjölgar sér bæði með fræjum og stuttum rótarskotum (munnl. heim. Kristbjörn Egilsson).

2.4 Sérstaða svæðisins

Minjasvæðið á Laugarnestanga er eitt fárra svæða innan marka þéttbýlis Reykjavíkurborgar þar sem hægt er upplifa nokkuð heildstætt menningarlandslag sem segir söguna allt frá því stuttu eftir landnám og til dagsins í dag. Þar er að finna sýnilegar leifar bæjarhóls og kirkjugarðs auk minja um hjáleigubúskap og sjósókn sem og óraskaðar beðasléttur. Saman mynda þessar minjar menningarlandslag búsetu sem reiddi sig bæði á fiskveiðar og landbúnað. Auk þessa stóðu á Laugarnesinu byggingar sem tilheyra svo ólíkum stéttum samfélagsins sem holdsveikisjúklingum og biskupum þótt þær séu að mestu eða öllu leyti horfnar í dag. Aðrar minjar á svæðinu eru margbreytilegar enda hafi setuliðið þarna einn af sínum kömpum, Laugarneskamp, og fluttu Íslendingar inn í braggana eftir stríð eins og svo víða annars staðar í borginni. Á Laugarnestanga er einnig að finna svo til einu óspilltu fjöruna á norðurströnd Reykjavíkurborgar. Staðsetning fornleifanna innan þéttbýlis Reykjavíkurborgar skammt frá Listasafni Sigurjóns Ólafssonar og á vinsælu útivistarsvæði er ákjósanleg til að veita ferðamönnum og borgarbúum innsýn í liðna tíð. Auðvelt er að tryggja gott aðgengi að minjasvæðinu og koma fyrir upplýsingum um minjarnar og sögu þeirra. Náttúrufarið á Laugarnesi gerir svæðið einstakt í Reykjavík þar sem hægt er að horfa yfir nesið og út í Viðey án truflunar frá mannvirkjum nútímans. Mikilvægt er að halda í þetta merkilega menningarlandslag, samspil náttúru og minja, sem er hvergi að finna annars staðar í Reykjavík.

3. Stjórnsýsla og skipulag

3.1 Lagarammi

Um fornleifarnar á Laugarnestanga og vernd þeirra gilda lög um menningarminjar nr. 80/2012. Svæðið er á náttúruminjaskrá og gilda því um það lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Auk þess ber að hafa hliðsjón af stjórnsýslulögum nr. 37/1993 vegna afgreiðslu mála á svæðinu og skipulagslögum nr. 123/2010 enda er stór hluti svæðisins hverfisverndaður.

Megininntak laga um menningarminjar nr. 80/2012 er verndun menningarminja og eru löggin gerð til þess að „... tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknnum á þeim“ auk þess sem tilgangur þeirra er að „... stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða“ (lög um menningarminjar nr. 80/2012 1. gr.). Menningarminjar eru m.a. fornleifar, menningarlandslag, hús og mannvirki samkvæmt skilgreiningu laganna og ná þau því yfir öll slík fyrirbæri sem uppfylla 100 ára aldurskilyrði laganna eða eru friðlýst.

3.2 Stjórnsýsla

Minjastofnun Íslands fer með stjórnsýslu fornleifa samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Fornleifar og friðhelguð svæði umhverfis þær (15 m frá ystu mörkum aldursfriðaðra minja og 100 m frá ystu mörkum friðlýstra minja) lúta því stjórnsýslu Minjastofnunar Íslands sem ber ábyrgð á þeim. Ekki er leyfilegt að fara í neinar framkvæmdir á slíkum svæðum né veita nein leyfi til framkvæmda eða notkunar þeirra án samþykkis Minjastofnunar Íslands. Forstöðumaður er Kristín Huld Sigurðardóttir Phd, MPA

Heimilisfang Minjastofnunar Íslands er:
Minjastofnun Íslands
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Sími: +354 5701300
Veffang: www.minjastofnun.is
Tölvupóstur: postur@minjastofnun.is

Umhverfisstofnun hefur ekki sérstakt eftirlit með svæðum á C-hluta náttúruminjaskrár en áður en veitt eru leyfi vegna framkvæmda á svæðum á C-hluta þarf að leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda nema fyrir liggja staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag. Slíkt liggur fyrir á þessu svæði. Reykjavíkurborg er eigandi svæðisins og fer með skipulagsvald á því.

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 segir eftirfarandi um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né

nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.

Friðlýstum fornleifum skal viðhaldið á kostnað ríkisins. Minjastofnun Íslands ber ábyrgð á friðlýstum fornleifum og semur verk- og fjárhagsáætlun um viðhald þeirra“ (lög um menningarminjar nr. 80/2012, 21. gr.).

3.3 Skipulag og landnýting


Jörðin Laugarnes er innan umdæmis Reykjavíkur og er Laugarnestangi í eigu Reykjavíkurborgar. Enginn landbúnaður er stundaður lengur í Laugarnesi en þar eru þar eru tvö íbúðarhús auk „náttúrugallerís“³ og íbúðarhúss Hrafns Gunnlaugssonar (Laugarnestangi 65) og Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og standa öll húsin á skilgreindum lóðum sem gert er grein fyrir í deiliskipulagi frá árinu 2000 að undanskilinni lóð Laugarnestanga 65 en um þá lóð var gert sérstakt samkomulag og nýtt deiliskipulag lóðar árið 2003. Þá eru þar göngustígar auk þess sem afmörkuð hafa verið nokkur áningarsvæði og upplýsingaskilti sett upp. Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030 er mestur hluti svæðisins hverfisverndaður, undanskilin er svæðið þar sem húsin standa og vegurinn liggur í gegn. Er svæðið einnig skilgreint sem borgargarður og er megin stefna fyrir skipulag svæðisins að miða að því að: „...tvinna saman fjölbreytta náttúru svæðisins og búsetuminjar þannig að samspil þessara þátta sé sem eðlilegast“ (*Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030:108*). Laugarnestangi tilheyrir Laugardalshverfinu og hefur Reykjavíkurborg gefið íbúum hverfisins kost á að koma með tillögur um útfærslu stíga og áningarstaða á svæðinu í gegnum Betri Reykjavík. Hugmynd um betri merkingar á svæðinu kom á sínum tíma í gegnum Betri Reykjavík.

Á Laugarnestanga er í gildi deiliskipulag frá árinu 2000. Er þar tanginn að miklu leyti hverfisverndaður en svæðið í kringum íbúðarhúsin, götuna og sýningar svæði höggmynda er undanskilið hverfisverndinni líkt og í aðalskipulagi. Fimm lóðir eru á svæðinu, en hús standa á fjórum þeirra. Fimmta lóðin er austan við bílastæði Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og er þar gert ráð fyrir byggingu á einni hæð, að hámarki 200 m² að stærð (*Laugarnes, deiliskipulag*). Deiliskipulagið frá árinu 2000 var fellt úr gildi fyrir lóðina Laugarnestanga 65 og gert sérstakt samkomulag um hana og breyting á deiliskipulagi lóðar árið 2003. Höfðu þá staðið deilur á milli íbúa lóðarinnar og borgarinnar um nýtingarhlutfall á lóðinni. Var


³ „Náttúrugalleríið“ að Laugarnestanga 65 samanstendur af gróðri og skúlptúrum innan lóðarinnar Laugarnestanga 65. Fjallað er um „náttúrugalleríið“ í bæklingnum *Náttúrugallerí Hrafns Gunnlaugssonar á Laugarnesinu* sem unninn var sem verkefni í menningartengdri ferðaþjónustu við Háskóla Íslands árið 2002.

nýtingarhlutfallið í kjölfarið hækkað og lóðin við undirritun samkomulagsins árið 2003 talin fullbyggð (*Samkomulag* 9. apríl 2003; *Deiliskipulag lóðar* 22. júlí 2003)

Af ákvæðum um hverfisvernd að dæma er ljóst að stefna Reykjavíkurborgar er að vernda svæðið og gera það aðgengilegt og aðlaðandi fyrir þá sem vilja nýta sér það til útiveru, afþreyingar og fróðleiks.



Mynd 1. Úr aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030, b. hluta.



Mynd 2. Úr deiliskipulagi Laugarness frá árinu 2000. Fríðhelgað svæði umhverfis fornminjarnar samkvæmt eldri lögum, Þjóðminjalögum nr. 107/2001, sýnt með skástrikum.

4. Verndarsvæði

Verndaráætlunin tekur til allra minja eldri en hundrað ára. Þá tekur hún einnig tillit til yngri minja, svo sem stríðsminja, þótt þær hafi ekki náð 100 ára aldri og falli því ekki undir aldursákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Lögð er áhersla á að vernda Laugarnesið sem heildstætt menningarlandslag með þeim minjum sem þar er að finna um sögu svæðisins frá upphafi fram á 20. öld og þeirri lítt snortnu náttúru sem þar er. Fjöldi minja er sýnilegur á svæðinu en hafa verður í huga að fleiri minjar geta leynst undir yfirborði á verndarsvæðinu og tekur verndaráætlunin einnig til þeirra. Verndaráætlunin tekur ekki eingöngu til stakra minja og friðhelgaðs svæðis í kringum þær (skástrikað svæði) heldur alls þess svæðis sem skilgreint er sem hverfisverndað í aðalskipulagi auk svæðisins sem ekki nýtur hverfisverndar enda er minjar að finna á því svæði. Verndaráætlunin nær einnig til minjasvæðisins á horni Köllunarklettsvegur og Héðinsgötu þar sem hjáleigan Barnhóll frá Laugarnesi stóð. Taka skal fram að lóðir húsa teljast ekki til verndarsvæðisins en íbúar eru þó hvattir til að taka sér markmið áætlunarinnar til fyrirmyndar innan sinna lóða. Verndun fornleifa skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 á þó alltaf við, hvort sem minjar eða friðhelguð svæði umhverfis þær eru innan lóða eða í borgarlandinu.

Hafa ber í huga að á kortinu sem hér fer á eftir eru skilgreind friðhelguð svæði í kringum fornleifar til upplýsingar, en þau eru í flestum tilfellum stærri en myndin gefur til kynna þar sem flestar minjanna eru umfangsmeiri en punktarnir sem svæðin á kortinu eru reiknuð út frá.

Laugarnes- verndarsvæði



Mynd 3. Afmörkun verndarsvæðisins á Laugarnesi ásamt punktum og númerum sem sýna staðsetningar skráðra fornleifa frá árinu 2003 og fríðhelgæð svæði utan um minjarnar.

5. Framtíðarsýn og markmið

Verndaráætlunin á að stuðla að verndun minjanna og auknum möguleikum landsmanna til upplifunar á svæðinu án þess að minjar eða náttúra hljóti skaða af. Minjasvæðið á Laugarnestanga á að vera aðgengilegt með fræðandi upplýsingum um minjar, sögu, náttúru og samfélag staðarins. Bæta þarf aðgengi að minjasvæðinu, ekki síst með nýjum upplýsingaskiltum um fornleifarnar og stikun nýrra gönguleiða.

Verndaráætlunin er gerð með það að markmiði að skýrt sé hvernig umgangast á svæðið og minnka þannig líkur á því að minjar og umhverfi þeirra verði fyrir óbætanlegu tjóni. Einnig eiga umgengnisreglur og reglur um göngustíga og uppsetningu skilta að auðvelda aðgengi almennings að svæðinu og upplýsingum um minjarnar. Ekki síst á áætlunin að festa í sessi verkaskiptingu á milli Minjastofnunar Íslands og eiganda svæðisins, Reykjavíkurborgar, þannig að ljóst sé hvaða aðili sinni eftirliti og viðhaldi og til hvers beri að leita þurfi t.a.m. að koma á framfæri ábendingum varðandi skemmdir á svæðinu.

Helstu markmið eru:

- Verndun minjanna
- Gott aðgengi fyrir alla
- Snyrtilegt og vel viðhaldið umhverfi
- Aðgengilegar upplýsingar um minjarnar

6. Landnotkun, aðgengi og nýting

6.1 Ástand og aðgengi

Laugarnestangi er aðeins um 1 km² að flatarmáli. Töluvert af íbúum nálægrar byggðar nýtir tangann sem útivistarsvæði. Ekki er ljóst hversu margir þeirra gera sér grein fyrir minjum svæðisins en þær þarf að merkja betur. Fjögur skilti eru nú þegar til staðar á Laugarnestanganum og fjalla þau nær eingöngu um sögu staðarins. Voru þrjú þeirra sett upp af borginni en eitt af Þjóðminjasafninu. Göngustígur liggur um svæðið og hafa bekkir og borð verið sett upp á afmörkuðum áningarstöðum. Enginn þeirra er þó í næsta nágrenni við friðlýstu minjarnar. Gott bílastæði er að finna við Listasafn Sigurjóns Ólafssonar þar sem holdsveikraspítalinn var áður. Aðgengi að tanganum verður því að teljast ágætt. Við „náttúrugallerí“ Hrafns Gunnlaugssonar á Laugarnestanga 65 er járnblómahörgur sem merktur var ásum og vönum þann 1. júní 2014. Er öllum frjáls umferð um hörginn. Á Betri Reykjavík hafa verið til umfjöllunar tillögur um að setja upp leiksvæði og/eða æfingarsvæði á Laugarnesinu við göngustíg.

Ástand svæðisins er sæmilegt. Helsta yfirvofandi hættan eru ágengar plöntur sem víða eru orðnar mjög áberandi og hafa breytt ásýnd svæðisins, m.a. á bæjarhól Laugarness. Útbreiðsla ágengra plantna á því svæði gæti valdið óafturkræfum skemmdum á beðasléttunum. Stefnt er að því að uppræta kerfilinn á næstu árum og hefst undirbúningur þeirrar vinnu vorið 2016. Flestar minjar á svæðinu eru ekki í neinni yfirvofandi hættu en fylgjast verður vel með svæðinu því ferðir fólks um það og ágangur sjávar geta á stuttum tíma breytt aðstæðum. Minjum á svæðinu er því mest hættu búin af ágengum plöntum, ágangi sjávar, framkvæmdum/gjörðum íbúa Laugarnestanga og ágangi þess fólks sem sækir svæðið heim og nýtir sem útivistarsvæði. Á svæðinu í kringum íbúðarhúsalóðirnar stafar minjunum mest hættu af gjörðum íbúa og ágengum plöntum, á ströndinni stafar minjunum mest hættu af ágangi sjávar og á öðrum svæðum er hættan samblanda af ágangi fólks og útbreiðslu ágengra plantna.

6.2 Opinn aðgangur og almennar umgengnisreglur

Óheftur aðgangur skal vera að verndarsvæðinu. Til þess að auka líkur á ánægjulegri upplifun gesta og minnka líkur á því að minjum og náttúru sé stofnað í hættu skulu gestir og íbúar fylgja þeim almennu umgengnisreglum sem hér fara á eftir:

- Gangið um verndarsvæðið með nærgætni og virðingu
- Raskið hvorki menningar- né náttúruminum
- Gangið snyrtilega um svæðið, ekki er leyfilegt að henda eða urða rusl á svæðinu
- Gangið á göngustígum eða eftir stikuðum slóðum sé þess nokkur kostur
- Gróðursetjið ekki eða dreifið á annan hátt trjáplöntum eða öðrum plöntum sem geta haft áhrif á minjarnar og/eða eru ekki náttúrulegar/upprunalegar á svæðinu

6.3 Göngustígar

Gerð göngustíga skal fara fram í samráði við Minjastofnun Íslands og er háð leyfi Minjastofnunar. Stefna skal á að aðgengi sé fyrir alla að fornleifunum og að lögð sé áhersla göngustíga sem falla vel að svæðinu og notkun náttúrulegs efnis. Framkvæmdum við stíga skal haldið í lágmarki og skal á Laugarnestanga lögð áhersla á að nýta það göngustígakerfi sem nú er á svæðinu auk þess að stíka nýjar gönguleiðir til að leiða gesti um svæðið í stað þess að leggja mikla göngustíga til viðbótar.

Jafnóðum skal laga stíga ef þörf er á. Ef svæði verða fyrir sliti vegna átroðnings skal þeim lokað samstundis og gripið til mótvægisáðgerða og viðgerða svo fljótt sem auðið er. Séu svæðin sem orðið hafa fyrir sliti hluti af friðlýstum fornleifum, þ.e. bæjarhól og kirkjugarði, skal ríkið borga þann kostnað er hlýst af mótvægisáðgerðum og viðgerðum sbr. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Að öðrum kosti skal Reykjavíkurborg bera kostnað af aðgerðunum.

Endurskoða þarf legu þeirra tveggja göngustíga sem liggja næst friðlýstum minjum í deiliskipulagi. Í fyrsta lagi þarf að tryggja að göngustígur til vesturs fari ekki yfir beðasléttur og í öðru lagi að göngustígur upp á bæjarhólinn frá gönguleið við Klettagarða kalli á sem minnst rask á bæjarhólnum. Stefnt skal á að göngustígur til vesturs verði eingöngu stíkaður eða í hæsta lagi lagður fljótandi ofan á túnið, ekki skal lagður hefðbundinn göngustígur yfir túnið sem kallar á jarðvegsskiptingu.

6.4 Skilti og upplýsingaefni

Mikilvægt er að samráð sé haft við þá aðila sem mestra hagsmuna hafa að gæta á verndarsvæðinu við gerð upplýsingaskilta sem þar skulu staðsett. Þeir aðilar eru Minjastofnun Íslands og Reykjavíkurborg. Fara skal eftir reglum Minjastofnunar Íslands við hönnun og niðursetningu skilta er varða minjarnar og hefur Minjastofnun Íslands lokaorðið varðandi innihald og staðsetningu þeirra. Minjastofnun Íslands er heimilt að fjarlægja skilti og aðrar merkingar í nágrenni friðlýstra minja ef gerð og staðsetning þeirra er ekki í samræmi við reglur sem stofnunin setur sbr. 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Merki Minjastofnunar Íslands skal ávallt vera á skiltum sem sett eru upp í tengslum við minjasvæði. Jafnóðum skal laga skilti ef þörf er á.

Minjastofnun Íslands sem lögbundins umsjónaraðila menningarminja skal getið í allri opinberri umfjöllun um minjar á svæðinu. Þá skal merki og nafn Minjastofnunar Íslands koma fram á öllu opinberu upplýsingarefni sem unnið er um minjar á svæðinu.

Eins og komið var inn á hér að framan þarf að auka upplýsingagjöf um fornleifarnar á svæðinu, ekki síst þær friðlýstu. Lagt er til að gerður verði áningarstaður á bæjarhólnum þar sem nú er steipt plata undan síðasta íbúðarhúsinu og stendur hún austarlega á bæjarhólnum. Er hóllinn þar mun lægri en að vestan og norðanverðu. Með því að nýta þá staðsetningu er hægt að grunda skiltin beint ofan á steiptu plötuna og þannig komast hjá því jarðraski sem fylgir þegar undirstöður skilta eru grafnar niður. Hugsanlega þarf að lagfæra plötuna

eitthvað, steypa í sprungur eða gera við kanta, en slíkar viðgerðir eru í öllu falli lítil framkvæmd og henni fylgir ekki jarðrask - sem er það sem komast þarf hjá í lengstu lög. Vegna þessarar framkvæmdar skal leita eftir fjármögnun hjá Reykjavíkurborg, Framkvæmdasjóði ferðamannaáða og mögulega víðar.

6.5 Ljósmyndun, kvikmyndataka og fleira

Ljósmynda- eða kvikmyndataka í atvinnuskyni af friðlýstum fornleifum og friðhelgunarsvæði þeirra skal gerð í samráði við Minjastofnun Íslands. Sækja þarf um leyfi fyrir öllum slíkum afnotum til Minjastofnunar Íslands og skal farið eftir reglum stofnunarinnar þar að lútandi. Minjastofnun áskilur sér rétt til að hafna umsóknum um leyfi hafi áætlaðar athafnir á svæðinu neikvæð áhrif á minjarnar. Ekki er heimilt að halda á verndarsvæðinu skemmtanir sem geta haft áhrif á minjarnar án samþykkis Minjastofnunar Íslands.

6.6 Frekari rannsóknir og framkvæmdir

Allar rannsóknir á verndarsvæðinu sem hafa í för með sér jarðrask eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Notkun málmleitartækja eða annarra tækja/aðferða til að leita fornleifa og forngripa án jarðrasks er óheimil án leyfis Minjastofnunar Íslands.

Ekki er heimilt að fara í neins konar framkvæmdir á svæðinu sem hafa jarðrask í för með sér eða breyta ásýnd verndarsvæðisins án leyfis Minjastofnunar Íslands sbr. 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Fara skal að öllu með gát ef unnið er með stórvirkum vinnuvélum nálægt verndarsvæði og tryggja að þeim sé haldið utan þess.

7. Viðhald, rekstur og eftirlit

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með verndarsvæðinu og gerir úttekt á því einu sinni á ári, að vori. Meðal annars skal fylgst með sliti vegna ágangs gesta og grípa til viðeigandi ráðstafana ef ljóst er að menningarminjum stafi hætta af. Reykjavíkurborg skal halda göngustígum við. Reykjavíkurborg ber einnig ábyrgð á umhirðu gróðurs á verndarsvæði og því að slá reglulega, eða 1-2x, eftir svæðum, á tímabilinu maí-september. Slá þarf bæjarhól Laugarness áður en kerfillinn blómstrar í kringum mánaðarmótin júní-júlí og allt svæðið, sem skilgreint er af Reykjavíkurborg og Minjastofnun í sameiningu, þarf að slá einu sinni á sumri (tún, beðasléttur, bæjarhól). Reykjavíkurborg ber allan kostnað af þessum aðgerðum (sbr. sú skylda landeiganda að halda við umhverfi fornleifa skv. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012). Eru ofangreindar aðgerðir grundvallaðar á eftirfarandi forsendum: aðdráttarafli minjasvæðisins sem hluta af útivistarsvæði Laugarnestanga annars vegar og því að gróðurfar búsetulandslags taki mið af þeim gróðri sem fylgdi búsetu manna á fyrri hluta 20. aldar líkt og Náttúrufræðistofnun benti á í skýrslu sinni árið 1997 hins vegar. Sláttur á ákveðnum svæðum hjálpar til við að viðhalda þessu gróðurfari. Fylgjast skal með útbreiðslu ágengra plantna á minjum og friðhelgunarsvæði þeirra og grípa til nauðsynlegra aðgerða ef talið er að rötarkerfi plantnanna ógni minjum. Á verndarsvæðinu er óleyfilegt að nota áburð og eiturefni sem geta haft áhrif á minjar undir grassverði.

Allar framkvæmdir sem fara þarf í vegna fyrirbyggjandi aðgerða og viðhalds skulu samþykktar af Minjastofnun Íslands. Ábendingum varðandi skemmdir og slit sem og öðrum athugasemdum um ástand minja á svæðinu og nánasta umhverfi þeirra skal beina til Minjastofnunar Íslands.

Ekki er talin mikil hætta á þjófnaði eða ólöglegum uppgreftri á svæðinu en verði vart við jarðrask skal gera Minjastofnun Íslands viðvart svo fljótt sem auðið er sbr. 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

8. Aðgerðir

Með verndaráætlun er gerð aðgerðaráætlun þar sem fjallað er um eftirlit Minjastofnunar, slátt á bæjarhól, beðasléttum og hluta túns (samkvæmt samkomulagi Reykjavíkurborgar og Minjastofnunar) og áætlaðar aðgerðir á svæðinu.

Aðgerðaráætlun er endurskoðuð reglulega.

9. Heimildir

- Adalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. A. Meginmarkmið og framtíðarsýn (bindandi stefna). Nóvember 2013 (uppfært 6. febrúar 2014). Aðgengilegt á: http://reykjavik.is/sites/default/files/adalskipulag/ar2010-2030_a-hluti_20140224.pdf
- Anna Lisa Guðmundsdóttir. 2003. *Fornleifaskráning Laugarness vegna mats á umhverfisáhrifum Sæbrautar*. Skýrsla nr. 103. Minjasafn Reykjavíkur, Árbæjarsafn: Reykjavík.
- Bjarni F. Einarsson. 1993. *Laugarnes. Greinargerð um fornleifar á Laugarnesi í Reykjavík*. Skýrslur Árbæjarsafns XIX. Árbæjarsafn: Reykjavík.
- Deiliskipulag lóðar Laugarnestangi 65*. 22. júlí 2003. Aðgengilegt á: http://lukrskjol.reykjavik.is/skipulagssja/upplýsingar/DSK_PDF/Laugarnestangi_65_22_07_2003.pdf
- DI**. *Diplomatarium Islandicum. 1857-1872. Íslenskt fornbréfasafn sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn*. I. bindi. Hið íslenska bókmenntafjælag: Kaupmannahöfn.
- Eggert Þór Bernharðsson. 2000. *Undir bárujárnsboga: braggalíf í Reykjavík 1940-1970*. JPV: Reykjavík.
- Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Fornleifanevnd, Þjóðminjasafn Íslands: Reykjavík.
- Hildur Gestsdóttir. 2005. *Fornleifakönnun í Laugarnesi*. FS277-05071. Fornleifastofnun Íslands ses.: Reykjavík.
- JÁP**. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. 1982. 3. bindi, Gullbringu- og Kjósarsýsla. Hið íslenska fræðafjælag: Kaupmannahöfn.
- Laugarnes, deiliskipulag*. 12. september 2000. Aðgengilegt á: http://lukrskjol.reykjavik.is/skipulagssja/upplýsingar/DSK_PDF/Laugarnes_12_09_2000.pdf
- Matthías Þórðarson. 1921. „Hallgerðar-leiði í Laugarnesi“. *Morgunblaðið* 8. september 1921, bls. 2.
- Minnisblað Náttúrufræðistofnunar Íslands. Efni: Ágengar tegundir á Laugarnesi, Reykjavík. [Óútgefið]. Til: Birgittu Spur, safnstjóra. Frá: Kristbjörn Egilssyni og Guðmundi Guðjónssyni. Reykjavík 15. júlí 2009.
- Náttúrufar í Laugarnesi. Hluti könnunar á náttúrufari með Sundum*. 1997. Kristbjörn Egilsson (ritstj.). NÍ-97017. Náttúrufræðistofnun Íslands: Reykjavík.
- Náttúrugallerí Hrafn Gunnlaugssonar á Laugarnesinu*. Verkefni í Menningartengdri ferðaþjónustu við Háskóla Íslands, apríl 2002. [óútgefið]. Gunnar Magnússon, Hólmfríður Jónsdóttir, Sigurður Valur Sigurðsson, Theodóra Matthíasdóttir.
- Samkomulag* 9. apríl 2003 vegna Laugarnestanga 65, undirritað af Hjörleifi Kvaran þáverandi borgarlögmanni.
- Umhverfisstofnun*. Náttúruminjaskrá Suðvesturlands. [Án árs]. Aðgengilegt á: <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/sudvesturland/> (sótt 17.03.15).

Lög:

- Lög um menningarminjar nr. 80/2012
Lög um náttúruvernd nr. 60/2013
Skipulagslög nr. 123/2010
Stjórnsýslulög nr. 37/1993
Þjóðminjalög nr. 197/2001

Munnlegar heimildir:

Kristbjörn Egilsson. 21. apríl 2015.

Ítarefni:

Yfirlýsing Hilmars Arnar Hilmarssonar, allsherjargoða, vegna helgunar járnblómahörgsins á Laugarnestanga 65 þann 1. júní 2014.